



Langanesbyggð
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

16.07.2025

Efni: Beiðni um rekstrarstyrk til Þúfunnar áfangaheimili fyrir konur sem hafa lokið meðferð vegna vímuefnaröskunar

Virðuleg sveitarstjórn,

Við hjá almannaheillafélaginu Lítil Þúfa fta. sem rekur Þúfuna áfangaheimili fyrir konur í bata frá vímuefnaröskun, leitum hér með eftir rekstrarstyrk að fjárhæð **kr. 300.000,-** sem dreifist yfir þrjú ár, **kr. 100.000,- árlega**.

Þúfan veitir konum öruggt og styðjandi umhverfi að lokinni vímuefnameðferð. Markmið okkar er að styðja konur í endurhæfingu og sjálfstæðu lífi, með áherslu á virka þátttöku í samfélaginu, félagslega færni og sjálfsefningu.

Á hverju ári dvelja um 30 konur á Þúfunni, þar sem þær búa að jafnaði í **3–18 mánuði**. Samtals eru **10–12 konur** búsettar á heimilinu á hverjum tíma. Þjónustan sem við veitum hefur reynst lykilþáttur í því að viðhalda bata, draga úr endur innlögnum í meðferðir og stuðla að betri lífsgæðum. Rekstur slíks úrræðis krefst stöðugra fjármuna, og því leitum við eftir stuðningi ykkar.

Við vonum að bæjarfélagið Kópavogur sjái mikilvægi þess að tryggja konum í bata öruggt og faglegt stuðningsúrræði á borð við Þúfuna og geti orðið okkur að liði með þessum hætti.

Fyrir nánari upplýsingar eða heimsókn á staðinn er ykkur velkomið að hafa samband.

Fylgiskjöl

-Ársreikningur almannaheillafélagsins Lítil Þúfa fta

-Upplýsingar um starfsemi Þúfunnar

Með virðingu og þökk

F.h. Þúfunnar áfangaheimili fyrir konur

Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi MA
Framkvæmdarstýra

Þúfan - Áfangaheimili fyrir konur Snekkjuvogi 21
104 Reykjavík

Sími: 588-5450